

Skólaráð Hlíðaskóla

Fundur haldinn 02.11.2022 kl. 8:30

Viðstaddir: Berglind Stefánsdóttir; skólastjóri, Laufey Jóhannsdóttir; kennari, Daniela Guiomar Cruz Gramata; stuðningsfulltrúi, Birkir Már Sævarsson; stuðningsfulltrúi og foreldri, Elsa Ísberg; kennari í 1. Bekk, Lena Viderø; foreldri.

Fundargestir: Linda Björg Pétursdóttir; verkefnastjóri upplýsingatækni. Sér m.a. um heimasíðu Hlíðaskóla. Elva Dögg Númadóttir; lífsleiknikennari sem ræddi m.a. um viku sex.

Táknmálstúlkar.

Fundarritun: Lena Viderø

1. Fundardagar í vetur

Ákveðið var að fundir verða haldnir á miðvikudagsmorgnum kl. 8:30-9:30 og voru eftirfarandi dagsetningar samþykktar: 30. nóvember. 8. febrúar. 8. mars. 10. maí.

2. Nemendafjöldi og húsnæðismál Hlíðaskóla

Í Hlíðaskóla eru um 600 nemendur og eru þar af nokkur börn á flóttu. Húsnæðið er fyrir löngu sprungið og hefur skólinn verið stækkaður tvisvar sinnum. Ýmsu hefur verið breytt innan skólans til að koma börnunum fyrir og má þar nefna að fundarherbergi var breytt í leiklistarstofu. Auk þess hafa verið settar upp á lóðinni þrjár færanlegar kennslustofur sem vonandi komast í gagnið sem fyrst. Berglind tekur fram að hætt hafi verið að taka við nemendum utan hverfis þó erfitt sé að segja nei við foreldra en Hlíðaskóli er vinsæll skóli. Mikið hefur mætt á starfsfólki og kveðst Berglind skólastjóri mjög þakklát starfsfólki fyrir þolinmæði þeirra gagnvart þessum þrengslum. Rætt var um Hlíðarendahverfið og það að deiliskipulag sé ekki almennilega komið í ljós og að hreinlega hafi ekki verið gert ráð fyrir barnafjölskyldum í því hverfi sem sum hver sækja nú nám í Hlíðaskóla.

3. Starfsáætlun og heimasíða

Starfsáætlun Hlíðaskóla fyrir starfsárið 2022-2023 er lögð fram og hún samþykkt.

Linda Björg Pétursdóttir, verkefnastjóri upplýsingatækni í Hlíðaskóla, kemur inn á fundinn til að ræða heimasíðu skólans. Laga á heimasíðuna og gefa fólki þannig kost á að geta nýtt sér þýðingarþjónustu Google Translate sem ekki er hægt eins og er. Heimasíða Austurbæjarskóla er höfð til hliðsjónar.

Tekið er fram að starfsáætlun skólans á að vera aðgengileg inni á heimasíðunni og er stefnan að setja hana upp á betri máta til að auðveldara sé að lesa hana.

Í framhaldi af því er nefnt að gott sé ef foreldrafélagið hafi sitt að segja um hvernig félagið vill hafa sínar fundargerðir á síðunni.

Einnig kom sú hugmynd fram að setja myndir af starfsfólki inn á heimasíðuna til að efla tengingu á milli heimila og skóla.

4. Hrekkjavaka í Hlíðaskóla.

Rætt var um það á stigsfundum innan skólans hvernig halda ætti Hrekkjavöku í Hlíðaskóla en einhver misbrestur var á því nú í ár hvort nemendur fengu boð um að mæta í búning í skólann þann dag eður ei. Ákveðið var á skólaráðsfundi að hér eftir væri hrekkjavökudagurinn

uppbrotisdagur í Hlíðaskóla og öllum boðið að mæta í búning og hægt væri að tengja námsefni dagsins við Hrekkjavökuna.

5. Fræðsla, samstarf skóla og foreldra í þeim efnum.

Elva lífsleiknikennari kemur inn á fundinn og ræðir fræðslumál.

Hún segir frá VikuSex og tekur fram að Hlíðaskóli hafi frá upphafi tekið þátt í VikuSex og þá sérstaklega í unglingadeild. Rætt er um að e.t.v. megi innleiða ferlið hjá yngri deildum einnig. Ákveðið þema er á hverju ári sem allir skólar sem taka þátt fara eftir.

Tekið er fram að 9. bekkur fái ítarlega og góða kynfræðslu en þó eru fundargestir sammála um að byrja þurfi fyrr á kynfræðslu. Lena nefnir því til stuðnings að þegar hún átti fund með nemendaráði á sínum tíma hafi nemendaráð kallað eftir meiri og ítarlegri kynfræðslu sem þyrfti að hefjast fyrr en seinna. Elva heldur áfram með VikuSex og nefnir að nemendur hafi gert skemmtilegt verkefni í tilefni af VikuSex en þá gerðu nemendur myndir af kynfærum sem settar voru upp á vegg hjá Hátíðarsalnum og fengu m.a. Að vera uppi á meðan kosningar fóru fram. Tekið er fram að sífellt sé að bætast við nýtt námsefni fyrir fyrsta bekk varðandi kynfræðslu sem sé mjög gott og bætir Elva því við að byrjað sé á að vinna að verkfærakistu fyrir kennara hvað fræðslu varðar.

Rætt er um Fræðslunefnd og mikilvægi þess að hafa skýrari feril og ákveða hvers konar samstarf á að vera. Skilgreina t.d. hvernig fræðsla ætti að vera fyrir hvern bekk fyrir sig og hvaða aldur það er sem fær fræðslu. Ætti til dæmis að bjóða upp á kynfræðslu hjá yngsta stigi? - ef svo er, um hvað á að fjalla og hvað ekki? Mikilvægt sé að setjast niður til að fara yfir málin og ræða þau. Elsa talar um að vera með leiðtogaþjálfun strax í 1. bekk þar sem rætt er t.d. um jákvæða og neikvæða leiðtoga.

Tekið er fram að Elva og Gulli, sem er forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Gleðibankans, séu með góðar hugmyndir að fræðslu og því gott að ræða við þau. Mikilvægt sé að boða fund hvað þetta varðar.

Eins er talað um að efla megi lífsleikni í skólanum þvert á árganga og auka áherslu á vellíðan og að það sé mikilvægt að auka gildi lífsleikni. Í lífsleikninni séu þemu allsráðandi hverju sinni og er vellíðunarvika nefnd sem dæmi en þá var t.d. boðið upp á núvitund og kyrrð í byrjun skóladagsins.

Í skólanum er einnig starfandi forvarnarteymi en þá heimsækja t.d. starfsmenn Gleðibankans unglingadeildina og ræðir við nemendur um ýmislegt þar að lútandi.

Í vor verða regnbogadagar í Hlíðaskóla og verður þá unnið í samstarfi við hinsegin teymið í Hlíðaskóla.

6. Upplýsingar til foreldra

Rætt er um að reynt sé að hafa gott upplýsingaflæði en að alltaf sé eitthvað sem hægt er að laga. Gott sé að fá ábendingar um hvað má betur fara. Frekari umræða um það er geymd þangað til á næsta fundi.

7. Símalaus skóli

Ekki gafst tími til að ræða símalausan skóla og verður sett á fundaskrá næsta fundar.

Önnur mál

Rætt var um myndbirtingar af börnum í skólanum. Upp kom sú hugmynd að gott gæti verið að senda póst á foreldra varðandi hvers konar myndbirtingar er um að ræða þar sem það kann að vera að einhverjir séu að misskilja. Myndatökur af skólabörnum á skólatíma séu söguleg heimild fyrir skólann sem og samfélagið.

Einnig var rætt um myndbirtingar varðandi skólaleikritin sem sett eru upp af hverjum árgangi í Hlíðaskóla en á sínum tíma sáu nemendur í 10. bekk um að taka leikritin upp og selja þau svo foreldrum sem fjáröflun. Einhvers misskilnings gætti þegar ný persónuverndarlög tóku gildi en tók Lena fram að hún hefði þá haft samband við lögfræðing hjá Persónuvernd sem upplýsti um að um opinberan viðburð væri að ræða og því í lagi að taka hann upp. Ákveðið var að skoða hvort ætti í framhaldi að þessu að leita leiða til að taka upp leikritin. Sú hugmynd skaut t.d. upp kollinum að jafnvel væri hægt að bjóða upp á það í vali fyrir 10. bekk.

Spurt var um fjármálalæsi og það kom í ljós að það er kennt í 10. bekk.

Fundi slitið kl. 09:31